



**Ársskýrsla
Heimilis og skóla -
landssamtaka foreldra
2008**

**HEIMILI OG
SKÓLI**



Linda Björg

Aðalfundur Heimilis og skóla haldinn 30. apríl 2009 að
Suðurlandsbraut 24



Heimili og skóli

Landssamtök foreldra

Útgefandi: Heimili og skóli - landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 4. hæð
108 Reykjavík
S: 562 7475
heimiliogskoli.is

Ritstjórn: Björk Einisdóttir
Umbrot og hönnun: Ólöf Dagný Óskarsdóttir
Ábyrgðarmaður: Sjöfn Þórðardóttir, formaður
Prentun: Oddi

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Inngangur | 5 |
| 1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla | 6 |
| 1.1. Stjórn | 6 |
| 1.2. Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir | 6 |
| 1.3. Starfsmenn | 6 |
| 2. Starfsemi | 7 |
| 2.1. Húsnæði | 7 |
| 2.2. Félagsmenn | 7 |
| 2.3. Verkefnalisti | 7 |
| 3. Helstu verkefni | 8 |
| 3.1. Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta | 8 |
| 3.2. Þjónusta og fyrirlestrar í skólum | 9 |
| 3.3. Svæðisráð foreldra | 9 |
| 3.4. Fulltrúaráð | 10 |
| 3.5. Skólaráð | 10 |
| 3.6. Foreldrasáttmálinn | 10 |
| 3.7. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla | 11 |
| 3.8. Stóra upplestrarkeppnin | 13 |
| 3.9. SAFT | 14 |
| 4. Útgefið efni og heimasíða | 19 |
| 4.1. Foreldrasáttmálinn | 19 |
| 4.2. Eineltisbæklingurinn | 19 |
| 4.3. Foreldrabankinn | 19 |
| 4.4. Nýjar handbækur | 19 |
| 4.5. Tímarit | 19 |
| 4.6. Samstíga | 19 |
| 4.7. Heimasíða | 19 |
| 4.8. Ráðgjafasíða | 20 |
| 5. Samstarf innanlands | 20 |
| 5.1. Menntamálaráðuneyti | 20 |
| 5.2. Önnur nefndarstörf | 20 |
| 5.3. Nefndarstörf | 21 |
| 5.4. Kynnisheimsóknir | 24 |
| 6. Ýmis samstarfsverkefni | 25 |
| 7. Norrænt samstarf | 27 |
| 7.1. Nordisk Komité | 27 |
| 8. Evrópskt samstarf | 27 |
| 8.1. European Parents' Association (EPA) | 27 |
| 9. Lokaorð | 28 |
| Lög Heimilis og skóla | 29 |

Inngangur

Meginmarkmið Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að efla foreldra í uppeldis- hlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Samtökin eru frjáls félagasamtök. Þúsundir einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra um land allt.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið 1. janúar 2008 til desemberloka 2008. Hún fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna á starfsárinu þar sem áhersla var einkum lögð á:

- Að veita foreldrum og félagsmönnum fræðslu og ráðgjöf um samstarf heimila og skóla, skólamál almennt og uppeldismál svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka þátt í mótun skólasamfélagsins
- Að styðja við starf foreldrafélaga með fræðslu og ráðgjöf og stuðla þannig að virkni þeirra svo að foreldrar finni þar vettvang til samstarfs við skólann og til þátttöku í foreldrastarfi á landsvísu
- Að styðja við starf foreldraráða svo þau geti veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald
- Styðja við og stuðla að markvissri starfsemi svæðasamtaka foreldra í öllum landshlutum
- Stuðning við skólasamfélagið við að efla samstarf heimila og skóla
- Að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við menntayfirvöld varðandi ákvarðanir og stefnumótun um skóla- og uppeldismál
- Samstarf um verkefni sem stuðla að auknum forvörnum og bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga
- Að vinna að Evrópuverkefninu SAFT sem stuðlar að aukinni vitund foreldra og barna um örugga notkun netsins og annarra nýrra miðla
- Þátttaka í umfjöllun um skóla- og uppeldismál í fjölmiðlum
- Samstarf við systurfélög á Norðurlöndum og í Evrópu



Vinkonur



Hádegisverður

1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla

1.1 Stjórn

Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna sem haldinn var þann 25. apríl 2008. Sjöfn Þórðardóttir verkefnastjóri, hefur tekið við formennsku Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra. Sjöfn tók við af Maríu Kristínu Gylfadóttur, sem gegnt hefur formennsku undanfarin fjögur ár.

Í stjórn Heimilis og skóla starfsárið 2008 sátu:

Sjöfn Þórðardóttir formaður - Seltjarnarnesi
Barbara Björnsdóttir - Reykjavík
Bryndís Haraldsdóttir - Mosfellsbæ
Brynhildur Pétursdóttir - Akureyri
Eva Dís Pálmadóttir – Egilsstöðum
Guðrún Elíasdóttir - Súðavík
Guttormur Björn Þórarinsson - Reykjavík
Jóhanna Gústavsdóttir – Garðabæ
Ketill Magnússon - Reykjavík
Kjartan Arnfinnsson - Hafnarfirði
Svala Sigurgeirsdóttir - Selfossi

Í framkvæmdanefnd voru:

Sjöfn Þórðardóttir
Bryndís Haraldsdóttir
Jóhanna Gústavsdóttir
Kjartan Arnfinnsson
Björk Einisdóttir

Kjörnir skoðunarmenn voru Árni Einarsson og Jón Ólafur Halldórsson. Varamenn voru kjörnir María Kristín Gylfadóttir og Rannveig Ásgeirsdóttir.

1.2 Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir

Frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2008 voru haldnir 5 stjórnarfundir. Á sama tímabili fundaði framkvæmdanefnd 7 sinnum.

1.3 Starfsmenn

Starfsmenn samtakanna starfsárið 2008 voru:

Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri.
Edda Sigurðardóttir bókhald og félagatal. Hóf störf 15. ágúst.
Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri.
Guðberg K. Jónsson verkefnastjóri.
Hlíf Böðvarsdóttir verkefnastjóri. Hætti 30. september.
Ólöf Dagný Óskarsdóttir verkefnastjóri.
María Kristín Gylfadóttir

2. Starfsemi

2.1 Húsnæði



Samtökin hafa aðsetur á Suðurlandsbraut 24, 4. hæð.

2.2 Félagsmenn

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, framhaldsskólar, grunnskólar og leikskólar. Einstaklingum, sem aðild eiga að samtökunum, hefur fækkað töluvert eftir að ákveðið var að taka þá félagsmenn af skrá sem ekki höfðu greitt félagsgjöldin í nokkur ár. Ráðist var í það verkefni þar sem töluverður kostnaður hlaut af því að senda út gíróseðla sem ekki fengust greiddir en þeir skiptu þúsundum. Aftur á móti fer skólum og foreldrafélögum stöðugt fjölgandi.

2.3 Verkefnalisti

Samtökin þjónusta foreldra og skólasamfélagið á breiðum grunni og eru verkefni fjölbreytt:

- Aðstoð við stofnun og starf foreldrafélaga í leik-, grunn og framhaldsskólum.
- Aðstoð við stofnun og starf skólaráða í grunnskólum.
- Aðstoð við stofnun og eflingu svæðasamtaka foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða.
- Símaþjónusta við einstaka foreldra, foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð, þar sem veittar eru upplýsingar og ráðgjöf um skólamál og ýmislegt tengt uppeldi.
- Fyrirlestrar og kynningar fyrir foreldra, skólaráð, foreldraráð, foreldrafélög, bekkjarfulltrúa, skólastarfsmenn og aðra sem hafa áhuga á skólamáli.
- Veiting Foreldraverðlauna Heimilis og skóla.
- SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni – evrópskt samstarfsverkefni um örugga notkun netsins og annarra miðla.
- Útgáfa - Tímarit, handbækur og bæklingar um skóla- og uppeldismál auk rafræna tímaritsins Samstíga.
- Greinaskrif í tímaritið Uppeldi, dagblöð, héraðsfréttablöð, dagskrárblað FRÆ og VR blaðið.
- Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni.
- Stjórnarseta í Námsgagnastofnun.
- Umsagnir til Alþingis, vegna þingsályktana eða frumvarpa til laga.
- Þátttaka í ráðstefnum um uppeldis- og skólamál.
- Samstarf um fræðslu og námskeið varðandi skólagöngu barna með ADHD.
- Þátttaka í forvarnaverkefnum í samstarfi við aðra: Verndum bernskuna, Vímuvarnavika, Náum áttum, Saman-hópurinn, Allt hefur áhrif einkum við sjálf.
- Þátttaka í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana.
- Viðtöl og greinar í fjölmiðla.

3. Helstu verkefni

3.1 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta

Samtökin hafa rekið símaþjónustu allt frá stofnun. Þessi þáttur starfseminnar hefur stöðugt aukist að umfangi og vegur þar þungt upplýsingagjöf, fræðsla, stuðningur og ráðgjöf af ýmsu tagi. Foreldrar sem starfa í foreldraráðum eða stjórnun foreldrafélaga leita til samtakanna til að fá gögn og upplýsingar, skólafólk hefur samband vegna ýmissa mála sem snerta samstarf heimila og skóla og foreldrar leita eftir ráðgjöf, upplýsingum, fræðslu og ýmiss konar stuðningi. Fjölmíðlamenn sem vilja fá sjónarmið foreldra vegna margvíslegra mála, sem eru í umræðunni hverju sinni, leita einnig reglulega til samtakanna.

Símaráðgjöf hefur verið veitt öllum þeim sem óska leiðbeininga og ráðgjafar á opnunartíma skrifstofu eða 9:00-16:00. Mikið er leitað til skrifstofunnar eftir upplýsingum og ráðgjöf að meðaltali sjö símtöl á dag eða í kringum 1400 símtöl. Þá er töluvert um að fólk sendi fyrirspurnir með tölvupósti og bárust að meðaltali 20 tölvupóstar á dag eða u.þ.b. 4000. Símtölin eru flokkuð eftir skólum og málefnum en hingað til hefur ekki gefist tími til að flokka bréfin sem berast með tölvupósti með sama hætti. Gera má ráð fyrir að eitt og hálf stöðugildi fari í ráðgjöfina.


Þegar skoðað er yfirlit yfir ráðgjöf okkar hjá Heimili og skóla kemur í ljós að til okkar leita foreldrar í meira mæli vegna andlegra mála barna sinna en námslegra þó vissulega skarist þessir málaflokkar töluvert. Undir andlega þáttinn falla líka eineltismálin sem eru stór hluti ráðgjafarinnar. Töluvert var hringt til okkar vegna alvarlegra eineltismála í skólum þar sem foreldrar leituðu eftir stuðningi, hvatningu og ráðgjöf um hvernig best er að snúa sér í slíkum málum. Við erum mikilvægir tengiliðir varðandi samstarf heimilis og skóla í forvarnarvinnu gegn einelti og mikilvægur fræðsluaðili um alvarlegar afleiðingar eineltis. Við höfum ýmsu að miðla sem vert er að sé uppi á borðinu, erum með heimikla fræðslu til foreldra um einelti í gegnum SAFT, erum aðilar að Olweusarverkefninu og einnig er bæklingurinn okkar – *Einelti - Góð ráð til foreldra* til á mörgum heimilum og í allflestum skólum –. Við erum nú að endurvinnna hann með tilliti til rafræna eineltisins sem færst hefur í aukana undanfarnin ár. Þá má ekki gleyma að minnst á foreldrasáttmálann en það er tæki sem foreldrar geta stuðst við þegar þeir vilja koma sér saman um megin viðmið.

Ráðgjöfin jókst töluvert á haustmánuðum enda álagið á foreldrana, börnin og starfsfólk skólanna mikið þegar kreppti að. Margir foreldrar þurfa stuðning í samskiptum sínum við skólann. Oft er um að ræða óryggi foreldra og gera má ráð fyrir að foreldrar sem búa við atvinnuleysi og fjárhagslega erfiðleika hafi minna sjálfstraust og minni uppburð í sér til þess að eiga í samskiptum við skólann. Foreldrar upplifa sig gjarnan eina í málefnum barna sinna ef eitthvað bjátar á í skólanum og eiga oft erfitt með að fá stuðningsaðila með sér á fundi. Þá getur jafnframt verið erfiðleikum bundið fyrir foreldra að fylgja eftir því sem ákveðið er á fundum í skólanum.


Vert er að geta þess að við sendum gjarnan frá okkur ályktanir og góðfúsleg tilmæli til skólastjórnenda, foreldrafélaga og annarra sem hafa með stjórn skólanna að gera. Nokkrar slíkar ályktanir og tilmæli voru send út á starfsárinu, t.d. í tengslum við eineltismál og efnahagsástandið sem blasti við á haustmánuðum.

Ekki tókst að skrá niður öll símtöl þetta árið enda starfsfólkið að læra á og aðlagast nýju ráðgjafarforriti. Töluvert er um að starfsfólk og stjórnendur skóla hringi til okkar en við lítum eðlilega mjög jákvæðum augum á þau samskipti.


Nemandi andlega



Nemandi námslega




Skólinn



Hér fyrir ofan og til hliðar gefur að líta skiptingu erinda eftir málaflokkum.

Starfsfólk skóla



3.2 Þjónusta og fyrirlestrar í skólum

Samtökin bjóða upp á fyrirlestra fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Til að mynda er boðið upp á fyrirlestra um foreldrastarf, bekkjarstarf og skólamál almennt, námskeið fyrir bekkjarfulltrúa sem snúa að því hvernig hægt er að efla samstarf foreldra og samstarf heimila og skóla. Fjöldmörg námskeið og erindi hafa verið haldin um þær breytingar sem fylgja nýju menntalögunum, bæði fyrir skólastjórnendur og fulltrúa foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga leik, grunn og framhaldsskóla. Einnig hafa verið haldin námskeið fyrir SAFT um örugga netnotkun barna og unglinga. Haldin voru alls 42 erindi um jákvæða og örugga netnotkun og erindi um samstarf heimilis og skóla. Þess er vert að geta að skrifað var undir samning við Kópavogsbæ um fyrirlestraröð í öllum grunnskólum bæjarfélagsins um jákvæða og örugga netnotkun. Samkvæmt samningnum mun SAFT bjóða upp á samtals 68 fyrirlestra fyrir nemendur í 5.-10. bekk grunnskóla Kópavogs og foreldra þeirra í febrúar og mars 2009.



Listaverk í Hofsstaðaskóla

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis milli beggja aðila þar sem um er að ræða samstarf um börnin. Þannig eru samtökin mikilvægur stuðningsaðili og upplýsingamiðill fyrir skólaráð, foreldraráð og foreldrafélög. Aukin virkni og uppbygging foreldrasamstarfs er ávallt keppikefli samtakanna en virk starfsemi skólaráða, foreldrafélaga og foreldraráða veitir foreldrum aukin tækifæri til þátttöku í skólastarfi barna sinna.

3.3 Svæðisráð foreldra

Svæðisráð foreldra er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og málsvari foreldra grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Svæðisráðið vinnur að sameiginlegum málefnum nemenda í grunnskólum og foreldra þeirra, veitir skólanefnd umsagnir um ýmis sameiginleg mál er varða starfsemi grunnskólanna og er bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Tilgangur svæðisráðsins er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla bæjarfélagsins. Heimili og skóli hefur nú sem endranær stuðlað að stofnun nýrra svæðisráða m.a. með fræðslu og ráðgjafarþjónustu. Í sumum tilfellum eiga fulltrúar foreldra í skólaráðum sæti í svæðisráðinu en þeir eru kosnir á vettvangi foreldrafélaganna. Svæðisráð hafa nýlega verið stofnuð í Borgarbyggð og Fjarðarbyggð en svæðisráðin eru oft vettvangur til samvinnu um skólamál í sameinuðum sveitarfélögum.

Frá fyrirlestri Helgu Margrétar með foreldrum í Borgarfirði



3.4 Fulltrúaráð

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum sem tilnefndir eru af svæðisráðunum. Fulltrúaráðið fundar einu sinni eða oftari ef þurfa þykir og tilnefnir fulltrúa sinni í stjórn landssamtakanna. Starfsreglur fulltrúaráðsins er hægt að sjá á heimasíðu samtakanna. Ársfundur fulltrúaráðsins var haldinn í Álftamýrarskóla 11. september 2008. Fulltrúar víðs vegar að af landinu ásamt stjórnarmönnum sóttu fulltrúaráðsfundinn. Að þessu sinni tóku 30 aðilar þátt í fundinum sem haldinn var í tengslum við Menntaþing menntamálaráðuneytisins um nýja menntastefnu og ný menntalög sem var daginn eftir í Háskólabíó.



Frá fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla

Fundarmenn fengu nýttgefið tímarit og tóku þátt í hópefli. Fulltrúar svæðasamtaka sögðu frá undirbúningi að stofnun skólaráða og innleiðingu nýrra laga á heimaslóðum og hvernig unnið er að framkvæmd þeirra. Aðfengnir fyrirlesarar voru Björg Ágústsdóttir frá Alta sem flutti fræðsluerindi um aðkomu foreldra að stjórnun skóla og þá sérstaklega um þátttöku almennings í ákvarðanatöku og stefnumótun í skólamálum. Fanný Gunnarsdóttir námsráðgjafi í Álftamýrarskóla lýsti störfum námsráðgjafa í grunnskólum. Fundurinn var vel sóttur og ágætis upphitun fyrir umræður daginn eftir um nýja menntastefnu.

3.5 Skólaráð

Starfsmenn landssamtakanna hafa unnið að framfylgd nýrra menntalaga með ýmsum hætti m.a. sinnt kynningu og veitt ráðgjöf um stofnun skólaráða í grunnskólum. Á heimasíðu samtakanna má finna reglugerð menntamálaráðuneytisins um skólaráð og tillögur Heimilis og skóla að starfsreglum fyrir foreldrafélög um kosningu í skólaráð grunnskóla (skv. 9.gr.laga nr. 91 frá 2008) Birtar hafa verið greinar um nýja menntastefnu og ný menntalög og framkvæmd þeirra í ýmsum miðlum.

3.6 Foreldrasáttmálinn

Foreldrasamningurinn var endurúttgefinn haustið 2007 og heitir nú foreldrasáttmálinn. Foreldrasáttmálinn hefur verið lagður fyrir í fjölmörgum skólum um allt land og er fyrsta upplag hans uppið. Í þeim samfélögum þar sem góð samstaða hefur náðst um samninginn er fólk sammála um jákvæð áhrif hans á unglíngameninguna sem og samstöðu foreldra um að virða útivistarreglurnar svo fátt eitt sé nefnt. Samningurinn er annars vegar fyrir 1.-6. bekk og hins vegar fyrir 7.-10. bekk. Í þessu forvarnarverkefni er m.a. bent á að foreldrar sem senda barn útsofið í skólann eru að leggja sitt af mörkum til að barnið nái æskilegum námsárangri. Einnig tekur samningurinn til eineltis, samábyrgðar og reglna um notkun á tækni eins og tölvuleikjum og aðgengi að netinu og farsímum en í þeim málum hafa foreldrar ekki fyrirmynd og því mikilvægt að geta haft samráð um slíkt. Sáttmálinn er fáanlegur á skrifstofu Heimilis og skóla.



3.7 Foreldraverðlaun Heimilis og skóla



Verðlaunahafar 2008

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra voru afhent í 13. sinn þann 15. maí við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi við Hverfisgötu. Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti verðlaunin í forföllum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Þess er vert að geta að árið 2008 var í fyrsta sinn farið í formlega heimsókn til verðlaunahafanna.

Í ár var fólk sérstaklega hvatt til að líta eftir jákvæðu starfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum en hingað til hefur áherslan einungis verið á grunnskólunum. Heimili og skóli eru landssamtök foreldra á öllum þessum skólastigum og mikilvægt að vakin sé athygli á því öflugra starfi sem þar fer fram.

Dómnefnd skipuðu:

Jón Ólafur Halldórsson, formaður (Heimili og skóli)

Brynhildur Pétursdóttir (Heimili og skóli)

Sigurveig Sæmundsdóttir (Skólastjórafélag Íslands)

Guðbjörg Jónsdóttir (Menntasvið Reykjavíkurborgar)

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir (Kennaraháskóli Íslands)

Elín Rósa Finnbogadóttir (Svæðaráð foreldra – Mosforeldrar)

Brynja Baldursdóttir (Fulltrúaráði Heimilis og skóla)

Aðalmarkmið Foreldraverðlaunanna er að vekja jákvæða effirtekt á því gróskumikla starfi sem fer fram í skólunum og stuðlar að auknu og öflugra samstarfi heimila og skóla. Alls bárust 35 tilnefningar um 30 verkefni en 5 verkefni fengu fleiri en eina tilnefningu. Óhætt er að segja að öll verkefni hafi verið sérlega áhugaverð og góður vitnisburður um það góða starf sem fer fram í skólum landsins. Í ár voru veitt dugnaðarforsverðlaun fyrir dugmikið framtak einstaklinga í skólastarfi, hvatningarverðlaun fyrir vel unnin og skipulögð verkefni í skólastarfi og síðast en ekki síst, sjálf Foreldraverðlaunin. Öll verkefni 30 hlutu sérstaka viðurkenningu. Enn fremur var að venju gefinn út bæklingur með stuttri lýsingu á öllum verkefnum sem tilnefnd voru. Bæklinginn er hægt að nálgast á skrifstofu Heimilis og skóla og á heimasíðunni heimiliogskoli.is



Elfsabet Ásberg hannaði verðlaunagripina

Hvatningarverðlaun hlaut Grunnskóli Siglufjarðar fyrir verkefnið *Átak gegn einelti*. Markmiðið með verkefninu er að vinna gegn einelti í Grunnskóla Siglufjarðar með innleiðingu Olweusaráætlunarinnar. Stöðugt er unnið samkvæmt áætluninni í skólanum enda gera stjórnendur skólans og starfsfólk sér vel grein fyrir því að verkefni sem þessu lýkur aldrei. Allur skólabragur hefur breyst til hins betra, skólasamfélagið er yfirvegaðra og óspektir sjaldséðar, boðleiðir innan skólans hafa styst og vinnubrögð orðin skilvirkari. Samskipti foreldra og skóla hafa einnig styrkst og foreldrar sátтары við vinnubrögð skólans.

Hin hvatningarverðlaunin komu í hlut Foreldrafélags Svalbarðsskóla. Foreldrafélag Svalbarðsskóla hefur náð árangursríkum leiðum við að efla samstarf milli skóla, foreldra og sveitafélags og sér að stórum hluta um menningarlíf sveitarfélagsins. Mikil og góð samvinna er meðal, nemenda, foreldra og starfsfólks. Það er aðáunartvert hversu vel hefur tekist til við að virkja skólann sem miðpunkt í menningarstarfsemi sveitarfélagsins og sýnir það okkur hversu mikilvægt hlutverk skólarnir hafa í samfélaginu og að drifkrafturinn eru foreldrar sem geta með elju sinni þjappað saman samfélaginu sem þeir búa í.

Dugnaðarfors voru þær Ingibjörg Baldursdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir fyrir verkefnið *Þjóðardagur –Börnin okkar* í Flataskóla. Markmið verkefnisins var að gefa nemendum sem eiga annað eða bæði foreldri erlend tækifæri til að kynna menningu þjóðlanda þeirra. Með því eykst þekking allra nemenda og virðing þeirra fyrir menningu allra. Í tengslum við sýninguna voru unnin fjölbreytt verkefni og nemendur og foreldrar gátu þannig miðlað þekkingu sinni. Með því að gefa nemendum þetta tækifæri er



Frá afhendingu Foreldraverðlaunanna

bókalestri og hvatningu kennara. Langtímamarkmið með lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi í leikskólanum Tjarnarseli er að draga úr sérkennslu og stuðningi í grunnskóla vegna lestrarörðugleika. Markmiðið er að bjóða leikskólanemendum upp á leik- og námsskilyrði sem styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra og nýtist nemendum í náinni framtíð. Einnig er eitt af megin markmiðum verkefnisins að draga úr kvíða foreldra fyrir komandi grunnskólagöngu.

verið að stuðla að auknu sjálfsöryggi nemenda og einnig eykur þetta á viðsýni og skilningi í því fjölmenningsamfélagi sem orðinn er veruleiki á Íslandi.

Starfsfólk Tjarnarsels hlaut Foreldraverðlaunin 2008 fyrir verkefnið *Lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi í leikskólanum Tjarnarseli*. Inga María Ingvarsdóttir leikskólastjóri veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd skólans. Frá árinu 1996 til dagsins í dag hefur leikskólinn Tjarnarsel verið að þróa lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi leikskólabarna. Verkefnið byggir á því að skipuleggja stig af stigi lestrarhvetjandi umhverfi frá því að nemendurnir hefja leikskólagönguna 2ja til 3ja ára, með megin áherslu á gott aðgengi að bókum, með

Fulltrúar frá Heimili og skóla ásamt fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu fóru í heimsókn í leikskólann Tjarnarsel mánudaginn 2. júní. Þar fengu þeir kynningu á starfsemi Tjarnarsels – og þá sérstaklega verkefninu sem starfsfólkið fékk verðlaun fyrir. Þessi heimsókn fulltrúa menntamálaráðuneytis og Heimilis og skóla, til að kynna sér þau verkefni er hljóta verðlaun samtakanna, er nýbreytni og var gerður góður rómur að þessu framtaki, sem er kjörið tækifæri að kynnast nánar starfsemi verðlaunaskólans.

Vert er að fagna þeirri miklu fjölbreytni og grósku sem endurspeglast í verkefnum þeirra sem hlutu tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla árið 2008. Verkefni eru birtingarmynd þess frjóa starfs sem unnið er í mennta-, félags- og æskulýðsmálum vítt um land.




Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarsels og Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla.



Upprennandi listamenn skemmtu gestum við afhendingu Foreldraverðlaunanna

3.8 Stóra upplestrarkeppnin



Það er heiður fyrir Heimili og skóla að eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem sérstaklega voru stofnuð til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Í samtökunum eru Heimili og skóli, Íslensk málnefnd, Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna og Samtök móðurmálskennara. Fulltrúar Heimils og skóla í félagsráði Radda voru Björk Einisdóttir, Guðríður Stefánsdóttir og Laufey Karlsdóttir en Björk Einisdóttir á einnig sæti í stjórn Radda. Keppnin hefst á degi íslenskrar tungu ár hvert og lýkur í mars mað því að valdir eru þrír bestu upplestrarar á hátíðarsamkomu í hverju byggðarlagi

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Lykilorðið er virðing: Virðing fyrir verkefninu, virðing fyrir áheyrendum og virðing fyrir sjálfum sér.

Kjörorðin eru þrjú:

- Vöndum flutning og framburð íslensks máls.
- Lærum að njóta þess að flytja móðurmál okkar, sjálfum okkur og öðrum til ánægju.
- Berum virðingu fyrir móðurmálinu, sjálfum okkur og öðrum.

Þess er vænst að kjörorðin megi stuðla að því að efla veg hins talaða máls í skólum og skapa þann skólabrag eða skólamenningu sem við getum öll verið stolt af. Verkefnið hefur hlotið afbragðsviðtökur skólafólks, og sérstaklega ánægjulegt er að finna hvað nemendur hafa sýnt mikinn áhuga á að leggja sig fram um að lesa upp af listfengi. Skólaskrifstofur hafa veitt keppninni brautargengi í sínu umdæmi og lagt henni ómetanlegt lið og hafa sér til fulltingis framkvæmdanefndir skipaðar fulltrúum Heimilis og skóla og Samtaka móðurmálskennara. En sjálft uppeldisstarfið, ræktun upplestrarins, hefur hvílt á herðum kennara og margir átt mjög góða samvinnu við foreldra í þeim efnum.



Verðlaunahafar í Stóru upplestrarkeppninni í Hafnarfirði



Forseti Íslands við afhendingu verðlaunanna

3.9 SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast Safer Internet Action Plan (<http://ec.europa.eu/saferinternet>). Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megin aðgerðir:

- Verndun barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatning til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 27 Evrópulöndum. Verkefni eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hefur rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Í september 2008 lauk þriðja hluta verkefnisins. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT. Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Verkefnastjórar SAFT á árinu 2008 voru Hlíf Böðvarsdóttir, Guðberg K. Jónsson og María Kristín Gylfadóttir.

Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Á árunum 2006-2008 var lögð sérstök áhersla á netsiðferði, aldurs- og innihaldsmerkingar tölvuleikja, gagnrýna netnotkun, ábyrga notkun farsíma og persónuvernd á netinu.

Framkvæmd verkefnis

Á verkefnatímanum stóð SAFT fyrir mörgum viðburðum og tók þátt í fjölda annarra verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. SAFT stóð meðal annars fyrir viðburðum í tengslum við alþjóðlegan netöryggisdag sem haldinn er í febrúar ár hvert. Verkefnisstjórar fóru einnig í fyrirlestraherferð hringinn í kringum Ísland. SAFT átti einnig gott samstarf við fjölmiðla og verkefnastjórar voru sýnilegir í ólíkum fjölmiðlum. Fjölmiðlar eru almennt mjög jákvæðir í að kynna áherslur SAFT og hafa borið markhópum skilaboð þess um jákvæða og örugga notkun nets og nýmiðla. Sýnileiki verkefnisins jókst þegar leið á verkefnið og verkefnisstjórar voru reglulega inntir álits um málefni sem tengjast öryggi barna á netinu.

SAFT áhöfnin





Verðlaunahafar úr samkeppni um gerð jafningjafræðsluefnis.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2008

Þann 12. febrúar 2008 stóð SAFT fyrir ráðstefnu í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum, sem bar yfirskriftina *Þú ert það sem þú gerir á netinu*. Yfir 100 manns tóku þátt í ráðstefnunni, sem einnig var streymd á netinu. Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, opnaði ráðstefnuna. Á ráðstefnunni unnu foreldrar og börn saman í vinnuhópum að ákveðnu þema. SAFT tók auk þess þátt í öðrum viðburðum sem Evrópusambandið stóð fyrir þennan dag. Má þar nefna samkeppni um gerð jafningjafræðsluefnis. Tillögur bárust frá 25 nemendum víðsvegar að af landinu. SAFT verðlaunaði tvo skóla, Háteigsskóla og Síðuskóla, fyrir sitt framlag. Báðir skólarnir notuðu *Netorðin fimm* sem grunn að sínum verkefni. Nokkrir nemendur Háteigsskóla sýndu við tilefnið stutta leikþætti byggða á Netorðunum. En fyrr á árinu tók sami leikhópur þátt í samsýningu þriggja nemendaleikhópa í Borgarleikhúsinu með sama verk.

Álit varðandi lagasetningar og reglugerðir

Á verkefnatímabilinu var nokkrum sinnum óskað eftir skriflegu álitu SAFT frá ríkisstofnunum og hagsmunaaðilum varðandi lagasetningar og reglugerðir um netið, rafræn skilríki auk söfnunar og geymslu persónulegra gagna, m.a. vegna álitssgerðar talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um markaðssókn gegn börnum.

Samstarf um þróun rafrænna skilríkja (eID)

Rafræn skilríki eru í dag lykilatriði hvað auðkenni einstaklings varðar og geta m.a. verið byggð á lykilorðum og sérstökum PIN lykllum. Þrátt fyrir að mörg lönd hafi skrifað undir samstarf um rafræn skilríki er talsverður munur á milli grunnhönnunar. Evrópusambandið styrkir nú tilraunaverkefnið STORK, Secure Identity Across Borders Linked, þar sem markmiðið er að samræma rafræn skilríki milli Evrópulanda. Þetta er gert með hönnun kerfis sem leyfir þýðingu á milli ólíkrar hönnunar. Þátttökulönd munu vinna að sameiginlegri lausn sem styðst við opna staðla. Þeir eru m.a., sameiginleg þjónustuhönnun sem leyfir borgurum að nota stafræn skilríki á milli landa, viðmót til öruggra samskipta á netinu fyrir börn sem styðst við rafræn skilríki, viðmót sem auðvelda hreyfanleika nemenda á milli Evrópulanda, notkun rafrænna skilríkja við landamæraeftirlit og í viðskiptum og prófun rafrænna ferla við skráningu búferlaflutninga Evrópubúa á milli landa.

SAFT er aðili að STORK verkefninu og mun leiða verkþátt um þróun og prófun á viðmóti fyrir örugg samskipti barna sín á milli á netinu. Upphafsfundur verkefnisins var haldinn í ágúst 2008 og verkefnið mun standa til ársins 2010. Reiknað er með að viðmótið verði tilbúið í lok árs 2008 og forprófanir munu hefjast snemma árs 2009.



Hlíf Böðvarsdóttir með fyrirlesturinn *Þú ert það sem þú gerir á netinu*



PEGI merkingakerfið fyrir tölvuleiki

Líkt og í öðrum löndum Evrópu hafa tölvuleikir og netleikir verið umfjöllunarefni á Íslandi. Sérstaklega grófir ofbeldisleikir sem virðast hafa náð nokkrum vinsældum meðal yngri barna en þeir eru ætlaðir fyrir. Í desember 2007 og janúar 2008 stóð SAFT fyrir fjölmiðlaherferð um tölvu- og netleiki með sérstaka áherslu á PEGI merkingakerfið. Herferðin var byggð á mjög árangursríkri fjölmiðlaherferð sem var farin í desember 2005. Auglýsingar voru á strætisvögnum, í blöðum og hannaðar voru skjáauglýsingar sem voru sýndar í bíóhúsum um allt land. Í tengslum við herferðina var gefinn út bæklingur fyrir foreldra um PEGI merkingakerfið í samstarfi við SMÁÍS og Microsoft Íslandi. Bæklingnum var dreift í gegnum alla grunnskóla á landinu. Endursöluaðilar lögðu áherslu á að kynna PEGI fyrir viðskiptavinum sínum og brýnt var fyrir starfsfólki að virða aldursmörk við sölu leikja. En kannanir höfðu áður bent til þess að brögð væru að því að bæði foreldrar og börn keyptu leiki sem voru ekki við hæfi.

Fyrirlestraferð um landið

Í apríl og maí 2008 fór SAFT í hringferð í kringum landið með málstofuna *Þú ert það sem þú gerir á netinu*, með viðkomu á 10 þéttbýlisstöðum um allt land. Samhliða málstofunni var keyrð fjölmiðlaherferð undir sömu formerkjum. Börn, fullorðnir og kennarar voru hvattir til þess að taka þátt í vinnustofum sem haldnar voru samhliða málstofunum. Herferðin vakti mikla athygli fjölmiðla og SAFT hefur síðan borist fjöldi

óska frá grunnskólum landsins um framhald á verkefninu. Vodafone studdi herferðina en allur undirbúningur og framkvæmd var í höndum verkefnisstjóra SAFT.

Á hverjum viðkomustað var SAFT kynningar- og fræðslufni dreift til þátttakenda, s.s. SAFT blýöntum, pennum, bæklingum um farsíma og 10 heilræðum til foreldra og segli með *Netorðunum fimm*. Plakötum með *Netorðunum* var einnig dreift með skilaboðum um að þau skildi hengja upp í upplýsingatæknikennslustofum í viðkomandi skóla. Góð þátttaka var í málstofum og í ljós kom að viðhorf barna og foreldra, hvað netið og nýmiðla varðar, er ekki svo ólíkt. Munurinn liggur helst í því að hóparnir nota ekki sömu hugtök yfir hlutina. Þá kom í ljós að börn eru mjög opin fyrir jafningjafræðslu og myndu sjálf gjarnan vilja fá fleiri tækifæri til þess að láta skoðanir sínar í ljós og koma á framfæri hugmyndum sínum um hvernig hægt er að tryggja jákvæða og örugga netnotkun.

Leiðbeiningar um góða starfssíði fyrir netþjónustuaðila

Á verkímabilinu vann SAFT í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun að leiðbeiningum um *góða starfssíði* meðal netþjónustuaðila. Með því að starfa eftir þeim viðmiðum sem unnin voru geta þjónustuaðilar öðlast sérstakan gæðastimpil sem verður sýnilegur á heimasíðum þeirra. Í september 2008 var lögð lokahönd á fyrstu drög að leiðbeiningum sem valdir þjónustuaðilar munu gera prófanir með næstu mánuði. Á tímabilinu 2008-2010 mun SAFT leggja áherslu á að kynna niðurstöður forprófunar og með aðstoð fjölmiðla hvetja netþjónustuaðila til þess að tileinka sér þessi viðmið og um leið eftirspurn meðal netnotenda.



Verndari ráðstefnunnar, Prins Edward, á tali við íslensku krakkana.

SAFT Ungmennaráð


SAFT lagði grunninn að stofnun sérstaks SAFT ungmennaráðs snemma árs 2008 en formlegt ungmennaráð verður stofnað í byrjun árs 2009.

Í tengslum við alþjóðlega netöryggisdaginn í febrúar 2008 var haldið ungmennaráðsþing í Brussel á vegum Evrópusambandsins um örugga og jákvæða netnotkun. Níu löndum var boðið til þátttöku og auk ungmenna frá Íslandi voru þátttakendur frá Austurríki, Tékklandi, Kýpur, Finnlandi, Þýskalandi, Hollandi, Svíþjóð og Bretlandi. Tilgangur þingsins var að heyra sjónarmið barna og unglinga um örugga netnotkun. Fulltrúar Íslands voru þrjár stúlkur: Ásta Margrét, Thelma Lind og Tinna Dís í 9. og 10. bekk, ásamt verkefnisstjóra SAFT. Helstu niðurstöður voru að börn og unglingar vilja fá aukna fræðslu í skólana. Nauðsynlegt er að þjálfá kennara betur til að sinna þessari fræðslu. Í stað þess að banna netnotkun í skólum á að leyfa nemendum að prófa sig áfram með leiðsögn og ef þau lenda í ógöngum þá er einhver fullorðinn hjá til að aðstoða. Einn íslensku þátttakendanna benti á að lífsleiknitímar væru kjörinn vettvangur fyrir kennslu í öruggri netnotkun, þar sem hægt væri að tengja saman myndbrot sem sýnd voru á ráðstefnunni, sem sýndi m.a. hættur þess að hitta netvin, verkefnavinnu og vinnu í tölvuverum.



Fríður hópur þátttakenda í alþjóðlegu ungmennaráðstefnunni sem haldin var í London

Fimm íslensk ungmenni, úr tveimur grunnskólum og þremur framhaldsskólum tóku þátt í fyrstu alþjóðlegu ungmennaráðstefnunni um örugga og jákvæða netnotkun sem haldin var í London dagana 17.-21. júlí 2008. Ráðstefnuna sóttu 150 ungmenni á aldrinum 14-17 ára frá 20 þjóðlöndum. Verndari ráðstefnunnar var Prins Edward en forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, hélt einnig stutt erindi í gegnum Skype í upphafi ráðstefnunnar. Skipuleggjandi var CEOP - Child Exploitation Online Protection Centre (www.ceop.gov.uk) sem hefur um margra ára skeið annast vitundarvakningarátak í Bretlandi um jákvæða og örugga netnotkun. Megintilgangur ungmennaráðstefnunnar var að heyra sjónarmið barna og unglinga um netnotkun og gefa þeim tækifæri á að láta skoðanir sínar og hugmyndir í ljós varðandi þau tækifæri og þær ógnir sem netið og tengdir miðlar miðla til þeirra á hverjum degi. Nýta á niðurstöður ráðstefnunnar til að skrifa nýjan kafla í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um netið en ný útgáfa verður gefin út árið 2009.



Ungum netnotendum gafst kostur á að skrá sig í SAFT ungmennaráðið á SAFT málstofunum í apríl og maí en ungmennaráðið verður formlega stofnað í upphafi árs 2009. Enn er opið fyrir skráningu í ungmennaráðið á heimasíðu SAFT en á þriðja tug umsókna hafa nú þegar borist

SAFT mun leggja áherslu á að gefa ungu fólki enn frekari rödd í verkefninu og auka þannig þátt jafningjafræðslu. Þátttakendur í ungmennaráðinu munu fá tækifæri til þess að vinna með beinni þátttöku að vakningarátaki um jákvæða og örugga netnotkun, gegna sérstöku hlutverki í jafningjafræðslu við gerð námsefnis og fjölmiðlaherferða og vera fulltrúi ungu kynslóðarinnar í ýmsum verkefnum á vegum SAFT.

Nýtt SAFT námsefni

Nokkrar nýjar SAFT námseiningar voru þróaðar og dreift á verkefnatímabilinu. Sérstök áhersla var lögð á jafningjafræðsluefni, heimildarýni og netsiðferði. Allar námseiningar er hægt að nálgast á heimasíðu SAFT. Fyrst má nefna að sögubók um netnotkun og heimildarýni, sem á uppruna sinn frá sænsku samstarfsaðilum okkar í netverkinu, fyrir 1.-3. bekk grunnskóla var þýdd og gefin út á netinu (saft.is/oruggnetnotkun/kennsluefni). DVD diskur með 4 myndböndum um örugga og jákvæða netnotkun auk 5 stuttra leikþátta byggðum á "Netorðunum fimm" var gefinn út í ágúst 2008. Diskurinn inniheldur einnig 11 námseiningar til notkunar í lífsleikni- eða upplýsingatæknikennslu fyrir 9-16 ára börn og unglinga. Viðfangsefni námseininganna er: Hvernig notum við netið - Tölvupóstur - Spjall - Farsímar - Einelti á netinu - Nettæling Siðferði á netinu - Höfundaréttur - Blogg - Gagnrýnin netnotkun - Félagsnetsiður

Diskurinn var unninn í samstarfi við Námsgagnastofnun og Myndstef og var dreift til allra grunnskóla landsins í október 2008.

SAFT vefsetrið

Heimasíða SAFT verkefnisins www.saft.is hefur þegar skapað sér sess meðal almennings og hagsmunaaðila sem uppspretta upplýsinga um örugga netnotkun. Jafnhliða því sem verkefnið hefur þróast hafa nýjar undirsíður verið búnar til þar sem ýmsum hliðum netsins og tengdra miðla eru gerð skil. Börn, foreldrar, kennarar, fjölmiðlar og aðrir geta með því móti nálgast áhugavert fræðsluefni um jákvæða og örugga netnotkun. Fjölmarginir skólar og námssetur vísa á heimasíðu SAFT, auk ýmissa hagsmunaaðila, fyrirtækja og stofnana í upplýsingatækniiðnaði. SAFT vefsetrinu er ætlað að vera miðstöð upplýsinga og námsefnis um örugga notkun netsins og tengdra miðla. Má þar m.a. finna fréttatengt efni, heilræði, kennsluefni, greinar, niðurstöður rannsókna, tengla á gagnlegt efni og svör við algengum spurningum, svo fátt eitt sé nefnt. Frá upphafi verkefnatímabilsins vann SAFT í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun og Barnaheill að hönnun sérstakrar hjálparlínu sem var ætlað að setja fram spurningar og svör við algengum fyrirspurnum sem tengjast netinu, m.a. ólöglegu eða meiðandi efni. Fólk hefur þannig gefist tækifæri til að spyrja þeirra spurninga sem brenna á þeirra vörum. Hjálparlínan, sem fékk nafnið NETSVAR (www.netsvar.is).

Asa Kronkvist
Ófurkönnuðirnir
Fyrstu skrefin í átt að öruggri netnotkun





Tölvuver Hofsstaðaskóla

Innlent samstarf

Sérstök verkefnastjórn var sett á laggirnar við upphaf verkefnis. Hlutverk stjórnarinnar var að hafa yfirsjón um stjórnun verkefnisins á verkefnatímabilinu og fylgja eftir framkvæmd verkefna. Stjórninni var einnig ætlað að vera ráðgefandi um hönnun, gæði og dreifingu efnis og hittist hún annan hvern mánuð. Verkefnisstjórn átaksins var skipuð fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands og Félagi um upplýsingatækni og menntun (F3) auk verkefnisstjóra SAFT. Auk verkefnisstjórnar var starfræktur stýrihópur sem er ætlað ráðgefandi hlutverk. Í hópnum sátu 23 fulltrúar hagsmunaaðila, m.a. frá stjórnvöldum, úr viðskiptalífínu, frá rannsóknaraðilum, og menntunar- og forvarnaraðilum. Hópurinn sem hittist tvisvar á ári og veitti umsögn og ráðgjöf eftir því sem við átti hverju sinni.

Niðurlag

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hafa síðastliðin ár verið sá aðili á Íslandi sem haldið hefur uppi markvissu og vel útfærðu vakningarátaki um netið og tengdra miðla. Markhóparnir hafa verið börn, foreldrar, skólasamfélagið, fjölmiðlar, upplýsingatækniáæðurinn og stjórnvöld. Vakningarátakið hefur notast við þá miðla sem best henta hverju sinni og tekið tillit til aðgerða og reynslu annarra aðila í samstarfsnetinu. Gott samstarf hefur náðst við lykilmarkhópa um áhersluatriði og verkefni, s.s. kennara, tómsundafulltrúa, fjölmiðla, opinbera aðila og ráðuneyti, félagasamtök, foreldrasamtök og upplýsingatækniáæðinn.

Heimili og skóli hafa á tímabilinu safnað mikilvægri þekkingu um tæknilegar hliðar öruggrar netnotkunar og útbúið upplýsingatengt efni sem komið hefur verið á framfæri við foreldra, skóla og allt samfélagið. Í þessu verkefni myndaðist einnig einstakt tækifæri fyrir Heimili og skóla til að tengja saman foreldra, börn, skólasamfélagið, stjórnvöld og upplýsingatækniáæðinn og skapa vettvang til samræðna milli allra hagsmunaaðila. Í þeim samræðum var lögð áhersla á opin og gegnsæ samskipti þar sem forvarnir sem snúa að öruggri netnotkun og tengdum miðlum voru hafðar að leiðarljósi.

Í stuttu máli má segja að öllum markmiðum verkefnisins hafi verið náð og að verkefnið hafi þróast eins og gert var ráð fyrir. Verkefnið og verkefnisstjórar þess voru mjög sýnilegir í samfélaginu á verkefnistímabilinu. SAFT vörumerkið er nú þekkt meðal almennings og áherslur og skilaboð SAFT fengu jafnt og þétt aukna athygli bæði fjölmiðla og hagsmunaaðila, þegar leið á verkefnistímabilið.



Áhugasamir tölvunotendur í leikskólanum Austurborg



4. Útgefið efni og heimasíða

4.1 Foreldrasáttmálinn

Mikil eftirspurn var eftir nýju útgáfunni af foreldrasáttmálanum, sem var endurútgefinn haustið 2007, svo mikil að prenta þurfti annað upplag haustið 2008.

4.2 Eineltisbæklingur

Á árinu hefur verið unnið að nýjum eneltisbæklingi – *Góð ráð til foreldra*. Slíkur bæklingur var gefinn út árið 2000 og tími til kominn á endurskoðun. Bæklingurinn er vel þekktur í skólasamfélaginu, skólar hafa pantað hann og einnig hafa Heimili og skóli dreift honum til foreldraráða, foreldrafélaga og skóla um allt land. Nú er hins vegar svo komið að aðeins örfáir bæklingar eru til en eftirspurnin mjög mikil. Þá þótti líka tími til kominn að endurskoða efnið með hliðsjón af breyttu samfélagi og rafrænu einelti sem nú er í algleymingi. Í rannsóknum sem Gallup hefur gert fyrir SAFT - samfélag, fjölskylda tækni - kemur fram að íslenskir unglingar noti í vaxandi mæli nýja samskiptatækni þ.e. netið, GSM símtöl og SMS skilaboð til þess að leggja önnur börn í einelti. Vert er að endurskoða efni bæklingins m.a. með þetta í huga. Ný bæklingurinn er væntanlegur í byrjun árs 2009.



4.3 Foreldrabankinn

Foreldrabankinn var uppfærður á árinu til samræmis við nýju grunnskólalögin en einnig er í honum nýtt efni. Markmiðið með foreldrabankanum er að hafa aðgengilegt á einum stað upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa um ýmislegt sem varðar foreldrastarfið og skipulag þess. Hægt er að panta Foreldrabankann á skrifstofu Heimilis og skóla en hann kostar 1500 krónur fyrir félagsmenn.

4.4 Nýjar handbækur fyrir foreldraráð og skólaráð

Í nýjum menntalögum eru töluverðar breytingar á þátttöku foreldra í nefndum og ráðum sem miða að því að auka og styrkja formlega aðkomu foreldra að skólastarfi og auka þátttöku þeirra í stefnumótun skólanna. Foreldraráð hafa verið lögfest í leikskólunum. Foreldrafélög skulu nú starfa við hvern grunnskóla og skólaráð í stað foreldra- og kennararáða. Á framhaldsskólastigi skal skipa foreldraráð við hvern framhaldsskóla og foreldrar fá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Vinna við nýjar handbækur fyrir öll skólastig hófst á haustmánuðum og munu þær liggja fyrir í ágúst 2009.



4.5 Tímarit

Árlegt tímarit samtakanna kom út í byrjun september 2008 og var gefið út í um 10.000 eintökum og dreift til félagsmanna, skóla, skólaskrifstofa, fjölmiðla, sveitarstjórna, alþingismanna og víðar. Tímaritið er ennfremur aðgengilegt á heimasíðu samtakanna. Áður útgefin tímarit má nálgast á skrifstofu samtakanna svo og á heimasíðunni.

4.6 Samstíga

Samstíga, rafræna fréttabréfið okkar, hefur fengið mjög góðar viðtökur en það kom fyrst út í mars 2007. Með því er hægt að senda oftartar fréttir og þannig verða samtökin mun sýnilegri og skilaboð þeirra komast vonandi betur til skila. Árið 2008 komu út sjö tölublöð.

4.7 Heimasíðan

Í dag er virkasta upplýsingaveita samtakanna heimasíðan heimilogskoli.is. Heimasíðan hefur verið mjög lifandi í ár. Þar eru birtar fréttir um það helsta sem er á döfinni er varðar skólamál og velferð barna. Auk þess hafa verið settar inn auknar upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni er tengist foreldrasamstarfi. Sú vinna er enn í gangi og er í raun eilífðarverkefni. Eins er komið á heimasíðuna efni um



samstarf heimila og framhaldsskóla. Nokkrar kannanir hafa verið á vefnum í ár. Spurt hefur verið um ýmislegt er tengist skólastarfinu. Á árinu voru hátt á fimmta þúsund flettingar á heimasíðu samtakanna og yfir fimmtán hundruð heimsóknir á mánuði.

4.8 Ráðgjafarsíða

Unnið hefur verið að stofnun nýrrar ráðgjafarsíðu fyrir foreldra þar sem hægt verður m.a. að finna einfalda ferla í mismunandi aðstæðum sem upp geta komið í skólastarfi, helstu fyrirspurnir frá foreldrum um málefni sem tengjast skólastarfi og svör við þeim. Vinna við síðuna hefur verið þó nokkur en hún verður sannarlega kærkomin viðbót við þá þjónustu samtakanna við foreldra og aðra sem láta sig málefni leik, grunn og framhaldsskóla varða. Stefnt er að því að síðan líti dagsins ljós haustið 2009.

5. Samstarf innanlands

Samtökin höfðu samstarf við marga aðila á starfsárinu og komu að fjölbreyttum verkefnum. Mörg þeirra eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

5.1. Menntamálaráðuneyti

Það er orðið viðurkennt að foreldrar eru hluti af mannauði skólanna. Sú staðreynd birtist m.a. í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í nýju lögnum eru töluverðar breytingar á formlegri þátttöku foreldra í nefndum og ráðum sem miða að því að auka og styrkja formlega aðkomu foreldra að skólastarfi og auka þátttöku þeirra í stefnumótun skólanna. Það eru áherslur sem Heimili og skóli lögðu mikla áherslu á í vinnu sinni við lagafrumvörpin. Foreldraráð hafa verið lögfest í leikskólunum. Foreldrafélög skulu nú starfa við hvern grunnskóla og skólaráð í stað foreldra- og kennararáða. Á framhaldsskólastigi skal skipa foreldraráð við hvern framhaldsskóla og foreldrar fá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Með nýjum lögum hafa skapast aukin tækifæri fyrir foreldra til þátttöku í menntun barna sinna, mótun skólastarfs og samstarfs við skólana. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir aðkomu okkar að vinnu við framfylgd laganna, reglugerðar um skólaráð og þegar er hafin vinna að endurgerð útgáfu samtakanna og vinna við handbækur fyrir öll skólastig.



Fulltrúar Heimilis og skóla áttu sæti í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneytisins á árinu. Stjórn og starfsfólk vann t.a.m. umsagnir um frumvörp til laga um leik-, grunn-, og framhaldsskóla og athugasemdir við fjölmörg drög að reglugerðum nýrra laga:

- Umsögn með frumvarpi til laga um leikskóla – tengiliður Sjöfn Þórðardóttir
- Umsögn með frumvarpi til laga um grunnskóla – tengiliður María Kristín Gylfadóttir
- Umsögn með frumvarpi til laga um framhaldsskóla – tengiliður Elín Thorarensen
- Umsagnir með drögum að reglugerðum nýrra laga - tengiliðir María Kristín Gylfadóttir og Elín Thorarensen

Ráðuneytið og samtökin endurnýjuðu þjónustusamning á árinu. Styrkur ráðuneytisins er einkum ætlaður til að Heimili og skóli geti annast símaráðgjöf fyrir foreldra barna í leik-, grunn- og framhaldsskólum og veitt þjónustu við foreldraráð, skólaráð og foreldrafélög á öllum þessum skólastigum og við skólasamfélagið og unnið að áframhaldandi uppbyggingu heimasíðu samtakanna og eflingu svæðasamtaka.

5.2 Önnur nefndarstörf

Nefnd sem fjallar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum á vegum **félagsmálaráðuneytis**. Sjöfn Þórðardóttir er fulltrúi stjórnar Heimilis og skóla í nefndinni og Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri til vara. Í nefndinni sátu auk þess fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneyti,

dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félagi einstæðra foreldra, Félagi um foreldrafrétti, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Félagi stjúpfelldra. Ólafur Ágústsson skipaður af félagsmálaráðherra var formaður nefndarinnar. Starfshópur á vegum **samgönguráðuneytis** um skipan ökukennaranáms hóf störf á vormánuðum en meginverkefni starfshópsins var að semja reglugerð um skipan ökukennslu og ökukennaranáms á Íslandi. Í hópnum sátu fulltrúar frá Félagi ökukennara, samgönguráðuneyti, Umferðarstofu, Ríkislögreglustjóra, Heimili og skóla, og Háskóla Íslands. María Kristín Gylfadóttir var fulltrúi Heimilis og skóla í starfshópnum.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eiga fulltrúa í stjórn **Námsgagnastofnunar** sem hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Elín Thorarensen er fulltrúi Heimilis og skóla í stjórninni og Sjöfn Þórðardóttir til vara.

5.3. Fundir, ráðstefnur, þing og námskeið

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sóttir af starfsfólki Heimilis og skóla. Hér er ekki um tæmandi lista að ræða. Það er mikilvægt fyrir starfsemi samtakanna að starfsfólkið taki þátt í viðburðum tengdum uppeldi og menntun þegar því verður við komið. Þannig fáum við tækifæri til þess að vekja athygli á okkar starfi og sjá og heyra það sem hæst ber í umræðunni hverju sinni. Heimili og skóli átti fulltrúa á eftirfarandi fundum, ráðstefnum, námskeiðum og málþingum:

- Málþing – Barnasáttmálinn orðinn 18 ára
- Gildismat og velferð barna í neylusamfélagi nútímans – *Ábyrgð foreldra og fjölskyldulíf* – Hugvekja um stöðu barna í upphafi nýs árs í Norræna húsinu 4. janúar
- Alþjóðlegi netöryggisdagurinn *Þú ert það sem þú gerir á netinu*
- Áfram ábyrg - Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar
- Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldna í Öskju
- ADHD námskeið
- *Á ég að gæta bróður míns* – Málþing um systkini barna með sérþarfir
- Náum áttum morgunverðarfundir
- SAMAN hópurinn – fundir fyrsta mánudag hvers mánaðar
- Ráðstefna – *Efling foreldrahæfni* á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis
- Opnun foreldrahúss Vímulausrar æsku í Borgartúni
- Afhending Íslensku menntaverðlaunanna í maí.
- Hringborðsumræður varðandi aukna neytendavernd barna í Þjóðmenningarhúsinu
- Í tilefni af degi barnsins voru veggspjöld kynnt í Laugarnesskóla
- DROP-IN námstefna – *Brotthvarf úr skólakerfinu*: átaksverkefni, stefna og rannsóknir
- Fundur hjá Félagsráðgjafafélaginu – Rödd barna
- Blátt áfram – Ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi
- Menntaþing 2008
- Fundir og námskeið hjá Menntasviði Reykjavíkur
- Námskeið hjá menntamálaráðuneytinu – *Verndum þau*
- Kynning hjá Mentor
- Málþing um fjölskyldumál á Íslandi *Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi*
- Málþing um kennaramenntun á tímamótum
- Skólamálaþing í Hveragerði
- Málþing menntavísindasviðs – *Listin að læra*
- Alþjóðlegi Geðheilbrigðisdagurinn – *Hlúðu að því sem þér þykir vænt um*
- Fjölskyldubruin – kynning Barnaverndarstofu á forvarnastuðningi með áherslu á þarfir barnanna þegar foreldrar glíma við geðræna erfiðleika



Eineltisverkefni eftir nemanda úr Hofsstaðaskóla

Fulltrúar Heimilis og skóla héldu erindi og tóku þátt í undirbúningi fjölmargra funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga á árinu:

Félagsráðgjafafélag Íslands

Að frumkvæði Félags stjúpfjölskyldna og Félagsráðgjafafélags Íslands var ákveðið að halda málþing um málefni stjúpfjölskyldna í samvinnu við Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Heimili og skóla, Biskupsstofu, Mentor og Samtökin 78. Málþingið var haldið 22. febrúar í Öskju. Málefni stjúpfjölskyldna hafa lítið verið rædd hér á landi og rannsóknir fáar. Yfirskrift ráðstefnunnar var- *Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldunnar?* Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá

Heimili og skóla tók sæti í stýrihópnum og flutti erindi á ráðstefnunni fyrir hönd Heimilis og skóla sem bar yfirskriftina *Heimili og skóli*.

Ping Kennarasambands Íslands

Pingið var haldið dagana 9.-11. apríl og var sótt af um 300 kennurum og skólastjórnendum af öllum skólastigum (leik-, grunn-, framhalds-, og tónlistarskólastig) Á þinginu voru haldnar nokkrar málstofur þar sem fjallað var um ýmis málefni sem tengjast kennurum, skólustarfi og félagsmálum. María Kristín Gylfadóttir flutti inngangserindi í málstofu um hlutverk skóla sem uppeldisstofunar.

Málþing um kennaramenntun á tímamótum

Þann 29. maí var haldið málþing þar sem rætt var um þróun kennarastarfsins í ljósi samfélagsbreytinga og menntun kennara til framtíðar. Að málþinginu stóðu Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið. Málþingið var liður í dagskrá í tilefni af 100 ára afmæli Kennaraháskóla Íslands. Björk Einisdóttir flutti erindi á málþinginu og stjórnaði umræðum í einni málstofunni en Helga Margrét Guðmundsdóttir tók saman umræðurnar.

Menntaþing 2008

Menntaþing var haldið á vegum menntamálaráðuneytisins þann 12. september þar sem kynnt var ný menntastefna sem birtist í nýjum lögum um leik-, grunn-, og framhaldsskóla. Innlendir og erlendir sérfræðingar fjölluðu um stefnu í menntamálum og framkvæmd hennar. Í málstofum var m.a. fjallað um ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og innleiðingu þeirra. Sjöfn Þórðardóttir var ein af fjórum málshefjendum í málstofu sem bar yfirskriftina *Skóli og samfélag*.

Kynningarfundir um nýja menntastefnu

Í kjölfar Menntaþings stóð menntamálaráðuneytið fyrir kynningarfundum um nýja menntastefnu um land allt í samvinnu við Samband Íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Þann 5. nóvember var haldinn kynningarfundur um nýja menntastefnu í Kvos Menntaskólans á Akureyri. Kynningarfundir um nýja menntastefnu voru öllum opinir og var skólafólk, kennarar, nemendur, foreldrar og annað áhugafólk um menntakerfið sérstaklega hvatt til að mæta á fundina, hlýða á erindi og taka þátt í umræðum. Formaður Heimilis og skóla Sjöfn Þórðardóttir tók þátt í kynningarfundum fyrir hönd Heimilis og skóla og flutti erindi á borgarfundum á Akureyri þar sem ný menntastefna var kynnt.

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn var haldinn 10. október í Perlunni. Yfirskriftin var *Hlíðu að því sem þér þykir vænt um*. Heimili og skóli tók þátt í deginum með því að vera með kynningu á því sem samtökin hafa upp á að bjóða fyrir foreldra og fjölskyldur. Markmiðið með kynningunni var að kynna mikilvægt og fjölbreytt starf Heimilis og skóla. Í ár var geðheilbrigðisdagurinn helgaður málefnum barna og ungmenna. Helga Margrét Guðmundsdóttir var fulltrúi okkar í Perlunni þennan dag.

Verndarar barna

Blátt áfram er með átak í gangi sem kallast *Verndarar barna*. Verndarar barna er forvarnarnámskeið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum fyrir alla þá sem umgangast börn og unglíng. Sjöfn Þórðardóttir var fulltrúi Heimilis og skóla á fundi þar sem fulltrúi frá Heimili og skóla, félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofa voru inntir eftir samstarfi. Áður höfðu menntamálaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga sýnt átakanu mikinn áhuga.

Málþing um fjölskyldumál á Íslandi

Nefndin sem fjallar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum á vegum félagsmálaráðuneytisins hélt í október 2008 málþing um fjölskyldumál á Íslandi undir yfirskriftinni *Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi* Þar var fjallað um félagslega, lagalega og fjárhagslega stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Nefna má fráskilda foreldra með sameiginlega eða skipta forsjá barna sinna, fjölskyldumynstur þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga börn úr öðrum samböndum, einstæða foreldra, forsjárlausa foreldra, stjúpfjölskyldur o.s.fv. Áherslur á málþinginu



Lilja

beindust að aðstæðum barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum, út frá félagslegri, fjárhagslegri og lagalegri stöðu. Fram kom meðal annars að rannsóknir sýndu að þegar á heildina væri litið ættu börn einstæðra foreldra undir högg að sækja í samanburði við börn sem búa með eða njóta daglegs atlætis beggja foreldra. Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla sat í undirbúningsnefnd.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Kennaraháskóli Íslands

Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri sat í vinnuhópi vegna málþings Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands sem haldið var 23. og 24. október. Yfirskrift málþingsins var Listin að læra – sköpun skiptir sköpum. Þrír aðilar fluttu erindi fyrir hönd samtakanna: Sigrún Harðardóttir félagsráðgjafi og Tinna Halldórsdóttir félagsfræðingur fjölluðu um námstækni fyrir nemendur með ADHD en þær voru að gefa út bókina Hámarksárangur í Námi með ADHD. Sigrún Ásta Ragnarsdóttir námsráðgjafi fjallaði um námstækni almennt og verkefni sitt NemaNet. Helga Krístrún Hjálmarsdóttir og Nilsina Larsen Einarsdóttir fjölluðu um þróunarverkefni í Grunnskóla Steltjarnarness: Lýðræði í skólastarfi.

Skólamálaþing í Hveragerði

Skólamálanefnd Hveragerðisbæjar stóð fyrir skólamálaþingi laugardaginn 8. nóvember í grunnskólanum fyrir foreldra/forráðamenn og starfsmenn leik- og grunnskóla. Þingið var haldið til að fylgja úr hlaði nýrri skólastefnu Hveragerðisbæjar. Helga Margrét Guðmundsdóttir flutti erindi á þinginu sem bar yfirskriftina Hver er ávinningur af samstarfi heimilis og skóla.

Samráðshópur vegna efnahagskreppunnar í þjóðfélaginu á vegum Menntamálaráðuneytisins. Formaður Heimilis og skóla, Sjöfn Þórðardóttir, situr í þeim samráðshópi sem fulltrúi Heimilis og skóla. Í samráðshópnum eru auk þess fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa og fulltrúi frá Skólastjórafélagi Íslands.

Samráðshópur vegna stöðunnar í þjóðfélaginu

Formaður Heimilis og skóla, Sjöfn Þórðardóttir, kom á samráðshópi vegna stöðunnar í þjóðfélaginu í samráði við menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Umboðsmann barna, Kennarasamband Íslands og ÍSÍ til að skiptast á upplýsingum og ræða um þær vísbendingar um ástandið sem fram koma bæði í ráðgjafarsíma Heimila og skóla og það sem stjórn og starfsmenn samtakanna hafa orðið áskynja um undanfarið í starfseminni almennt. Einnig að heyra hvernig staðan blasir við öðrum á fundinum. Rætt var hvaða afleiðingar staðan í þjóðfélaginu gæti haft í för með sér fyrir fjölskyldur í landinu.

Fundur með fulltrúum á norrænni ráðstefnu í Stokkhólmi.

Bergþóra Valsdóttir framkvæmdastjóri SAMFOK, Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla, Ingvar Sigurgeirsson prófessor menntavísindasviði Háskóla Íslands, Eva Dís Pálmadóttir stjórn Heimilis og skóla, Jóhanna Gústavsdóttir stjórn Heimilis og skóla, Ólafur Loftsson formaður FG og Ólöf Dagný Óskarsdóttir verkefnastjóri hjá Heimili og skóla sátu NOKO ráðstefnu í Stokkhólmi 19.-21. september síðastliðinn, sem bar yfirskriftina *Foreldrar eru auðlind í skólastarfi*. Charles Desforges flutti áhugavert erindi á ráðstefnunni – The impact of parental involvement on pupil achievement. Í kjölfarið ákváðu íslensku þátttakendurnir að leita leiða til að fá hann hingað til lands og sendu bréf til Sólrúnar Kristinsdóttur forstöðumanns SRR Háskóla Íslands þess efnis og er svars að vænta í byrjun árs 2009.

Námskeið á vegum Evrópusambandsins

Starfsfólk Heimilis og skóla sat Workshop á vegum Evrópusambandsins en það kostaði Petru De Roos hingað til lands til að halda erindi um hvernig hægt er að auðvelda kynningu og dreifingu efnis í tilefni af SID. Roos hélt Workshop um það hvernig við nálgumst fjölmiðla, fáum ókeypis auglýsingatíma, við hvern á að tala og við hverju er hægt að búast. Í seinni hlutanum var rætt um rafræna dreifingu upplýsinga og hvernig hægt er að hámarka dreifingu efnis á netinu. Frá Heimili og skóla tóku þátt: Guðberg K. Jónsson, Ólöf Dagný Óskarsdóttir og Helga Margrét Guðmundsdóttir.



Birna



Frá ráðstefnu NOKO í Stokkhólmi



Í boltalandi

Offita barna

Jakob Falur Garðarsson og Sigmar B. Hauksson kynntu starfsfólki Heimilis og skóla hugmyndir um hvernig hægt er að takast á við þann vanda sem sífellt fer vaxandi og tengist offitu barna. Tveir fundir voru haldnir í tengslum við þetta verkefni. Ólöf Dagný Óskarsdóttir verkefnastjóri sat báða fundina en Björk Einisdóttir annan fundinn. Verkefnið er enn á teikniborðinu og ekkert ákveðið um hvort eða með hvaða hætti samtökin leggja því lið.

Vegna námskeiða fyrir fulltrúa í skólanefndum

Samstarf Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og Heimilis og skóla um námskeiðahald um verksvið og hlutverk foreldra í skólanefndum og foreldraráðum og nauðsyn þess að skýra aðkomu þeirra að stjórnslunni. Tengiliðir verkefnisins eru Sigríður Lára Ásbergisdóttir menntamálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Björk Einisdóttir Heimili og skóla.

ADHD samtökin

Haldin voru tvö námskeið um skólagöngu barna með athyglisbrest með ofvirkni og samskipti foreldra og kennara í því sambandi. Námskeiðin eru ætluð kennurum og öðru starfsfólki grunnskóla. Heimili og skóli voru meðal aðstandenda námskeiðsins. Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri Heimilis og skóla sat í undirbúningshópi.

Félag stjúpþjölkyldna

Helga Margrét Guðmundsdóttir var fundarstjóri á aðalfundi þeirra í nóvember og flutti erindi um foreldrasamstarf á jólafundi þeirra 11. desember um jólapúslið í stjúpþjölkyldum yfir jólin, stöðu ömmu og afa og upplýsingar sem skólinn hefur um stjúpþengsl og fjölbreyttar fjölkyldur.



Bangsadagur

5.4 Kynnisheimsóknir

Þó nokkuð var um að foreldrar litu við til þess að fá ráðgjöf, afla upplýsinga og/eða kynna sér útgáfuefni samtakanna. Einnig fengum við áhugaverðar heimsóknir frá fólki sem ýmist var að kynna sér starfsemina eða að funda um margvísleg málefni. Sem dæmi má nefna:

- Fulltrúi frá Mentor kom og kynnti starfsfólki Heimilis og skóla kerfið
- Margrét María Sigurðardóttir Umboðsmaður barna
- Salbjörg Bjarnadóttir frá Landlæknisembættinu kom nokkrum sinnum til skrafs og ráðagerða vegna kreppunnar
- Fulltrúi frá SÍA ræddi námsefni í upplýsingatækni
- Stjórn Félags fagfólks í frítímaþjónustu
- Nemendur í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Nokkrir fundir með JERICO – eineltissamtökunum og félagar þeirra komið í heimsókn og leitað ráðgjafar og handleiðslu
- Guðni Björnsson útgáfustjóri og Árni Einarsson framkvæmdastjóri hjá Fræðslu og forvörnum – FRÆ
- Fulltrúar frá Lýðheilsustöð Rafn Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson
- Nokkrir starfandi náms- og starfsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu komu í heimsókn og kynntu sér starfsemina
- Fundur með SAMFOK - Á NOKO ráðstefnunni í Stokkhólmi kviknaði áhugi Íslendinganna á að fá Charles Desforges breskan prófessor hingað til lands en hann flutti einkar áhugavert erindi á ráðstefnunni - *The impact of parental involvement on pupil achievement*. Rætt um möguleikann á samstarfi
- Anna Sigurðardóttir verkefnastjóri hjá Forvarnadeginum óskaði eftir stuðningi við verkefnið og vildi heyra viðhorf foreldra. Fundinn sátu einnig Ólöf Dagný Óskarsdóttir verkefnastjóri Heimilis og skóla ásamt fulltrúa frá Barnaheillum og SAMFOK
- Skólahópur úr leikskólanum Austurborg kom í heimsókn og kynnti sér starfið



Skólahópur úr Austurborg í heimsókn

6. Ýmis samstarfsverkefni

Mörk við markaðssókn sem beinist að börnum

Umboðsmaður barna, og Gísli Tryggvason talsmaður neytenda hafa unnið að því að ná víðtæku samkomulagi við markaðsaðila, almennasamtök eins og Heimili og skóla og stjórnsýsluaðila um að setja mörk við markaðssókn sem beinist að börnum. Samkomulagið tók gildi 15. mars 2009 eftir þriggja ára undirbúningsvinnu. Samkomulagið er afar þarft enda flestir eflaust sammála um að markaðssetningu sem beinist að börnum skuli haldið í skefjum. Brynhildur Pétursdóttir er fulltrúi stjórnar Heimilis og skóla í þessu verkefni.



Dagur leikskólans

Dagur leikskólans var haldinn í fyrsta sinn þann 6. febrúar. Dagurinn er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmiðið með verkefninu er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla og mikilvæga starfi sem þar fer fram, hvetja til aukinnar umræðu um leikskólastarf og gera það sýnilegra. Ólöf Dagný Óskarsdóttir var fulltrúi Heimilis og skóla í undirbúningsnefndinni.



Göngum í skólann

Í október árið 2007 tók Ísland í fyrsta sinn þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. En samstarfsaðilar verkefnisins eru: Lýðheilsustöð, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjórinn, menntamálaráðuneytið, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Í októbermánuði, ár hvert, eru börn hvött sérstaklega til að nýta sér virkan samgöngumáta, ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla. Fulltrúi Heimilis og skóla í þessu verkefni er Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri.

Samstarfshópar í forvörnum

Heimili og skóli láta sig forvarnamál fyrir börn og unglinga miklu skipta og eru í samstarfi við fjölmarga aðila um verkefni sem snúa að forvörnum. Formlegt samstarf þess eðlis felst einkum í samstarfi neðangreindra þriggja hópa, auk vitaskuld þeirrar samvinnu sem samtökin eiga við foreldra og skólafólk um þessi mál, ekki síst m.t.t. útbreiðslu samtakanna á forvarnarverkefninu Foreldrasáttmálanum



Náum áttum er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Helga Margrét Guðmundsdóttir er fulltrúi Heimilis og skóla í samstarfshópnum. Samstafaaðilar samtakanna í þessu verkefni eru: Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, Barnaverndarstofa, Geðrækt, Félag grunnskólakennara, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar, Ríkislögreglustjóri, Ný leið ráðgjöf, Rannsóknarstofa um mannlegt atferli - Háskóla Íslands, Félagssvið Akureyrarbæjar, Forvarnarnefnd Reykjavíkur, Rauði kross Íslands, Vímulaus æska, Bindindissamtökin IOGT, Þjóðkirkjan, Lögreglan í Reykjavík og Jafningjafræðslan.



SAMAN-hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Samstarfshópurinn er með auglýsingaherferðir fyrir jól og áramót, við lok samræmdra prófa, 17. júní og verslunarmannahelgar undir slagorðinu „Fjölskyldan saman á tímamótum“. Einnig er hugað að busabóllum og upphafi skólagöngu í framhaldsskóla. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri er fulltrúi Heimilis og skóla í samstarfinu. Samstarfsaðilar Heimilis og skóla í þessu verkefni eru m.a: Barnaheill, Félagssvið Akureyrarbæjar, Félagsþjónustan í Kópavogi, Lögreglan í Reykjavík, Félagsþjónustan í Reykjavík, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Garðabær, Götusmiðjan, Hafnarfjarðarbær, Heilsugæslan í Reykjavík, Bindindissamtökin IOGT, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Lögreglan í Reykjavík, Lýðheilsustöð, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Ný leið ráðgjöf, Rauði kross Íslands, Ríkislögreglustjórinn, SAMFOK, Seltjarnarnesbær, Vímulaus æska og Þjóðkirkjan.



Samstarfsráð um forvarnir.

Heimili og skóli eiga aðild að þessum samráðsvettvangi ásamt nítján öðrum frjálsum samtökum. Ráðið er samstarfsvettvangur forvarnasamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnastarfi Starfsemi ráðsins er á vegum FRÆ, Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum. Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri er fulltrúi samtakanna í þessu samstarfi. Vímuvarnavika - VVV er eitt af verkefnum ráðsins og var hún nú haldin í fimmta sinn. Vímuvarnavikan VVV 2008 stóð yfir dagana 19.-25. október .



Olweusarverkefnið

Heimili og skóli hefur verið aðili að Olweusarverkefninu gegn einelti frá upphafi þess. Jóhann Thoroddsen sálfræðingur og fyrrum stjórnarmaður í Heimili og skóla er formaður verkefnisstjórnar sem fulltrúi Heimilis og skóla í verkefnisstjórn.



Tekist á



Viltu bitta?

7. Norrænt samstarf

7.1 Nordisk Komité

Þann 20. apríl 1996 undirrituðu formenn foreldrasamtaka á Norðurlöndum, Förbundet Hem och skola, Finland, Suomen Vanhempainliitto, Finlandi (sögðu sig síðar úr samstarfinu), Foreldreutvalget for grunnskolen, Norge, Riksförbundet Hem och skola, Svíþjóð, Skole og Samfund, Danmörku og Heimili og skóli - landssamtök foreldra, samstarfssamning. Kallast samstarfsvettvangurinn Nordisk Komité (NOKO) og er markmiðið með samstarfi þessu að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni. Auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir.



Linda Björg

Formannafundir

Heimili og skóli tekur virkan þátt í samstarfi NOKO. Hittast formennirnir tvisvar á ári en framkvæmdastjórnarnir eru með einu sinni á ári og skiptast löndin á að halda fundina. Tilgangurinn með fundunum er að þessi ólíku félög, sem öll vinna að sama markmiði, geti kynnt þau verkefni sem eru í gangi í hverju landi en auk þess borið saman bækur sínar og skipst á hugmyndum. Þessi samvinna hefur gefið góðan árangur. Í mars var haldinn fundur fyrir formenn og framkvæmdastjóra í Finnlandi. Þann fund sóttu María Kristín Gylfadóttir formaður, Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri og Ólöf Dagný Óskarsdóttir verkefnastjóri. Seinni formannafundurinn féll niður þar sem formennirnir hittust á ráðstefnu í Stokkhólmi í september.

Ráðstefnur

Annað hvert ár er haldin ráðstefna á vegum Nordisk Komité í landi sitjandi formanns og má hvert land senda 10 fulltrúa til ráðstefnunnar. Í ár var haldin ráðstefna 19. – 24. september í Stokkhólmi undir yfirskriftinni *Foreldrar sem auðlind í skólastarfi* eða *Forældre som ressource i skolen*. Tveir fyrirlestrar á ráðstefnunni komu frá Íslandi en það voru Ingvar Sigurgeirsson professor við menntavísindasvið Háskóla Íslands og Birna Svanbjörnsdóttir sérfræðingur á skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Ingvar sagði frá eigindlegri rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006 *Gullkista við enda regnbogans*. Birna gerði grein fyrir verkefninu *Barnið í brennidepili*, hvað varð til þess að farið var af stað með það og hvernig var brugðist við óskum foreldra í kjölfar könnunar. Góður rómur var gerður að erindum þeirra.

Í tengslum við ráðstefnuna fóru fram formannsskipti í Nordisk Komité og við tók Loveleen R. Brenna sem er formaður norsku samtakanna. Formaður situr í tvö ár í senn.

8. Evrópskt samstarf

8.1 European Parents' Association (EPA)

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, European Parents' Association (EPA) á fundi EPA í september 1998.

Meginmarkmið samtakanna er í stórum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólastarfs,
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólastarfi á öllum skólastigum,
- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (good practice),
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra.



9. Lokaorð

Á aðalfundi samtakanna, 25. apríl 2008, var Maríu Kristínu Gylfadóttur þakkað óeigingjarnt starf í þágu samtakanna og Sjöfn Þórðardóttur, nýjum formanni, óskað velfarnaðar í starfi formanns.

Heimili og skóli og Evrópusambandið endurnýjuðu samning til tveggja ára um jákvæða og örugga netnotkun. Þetta er stærsti samningur sem undirritaður hefur verið hingað til. Hann tryggir að samtökin haldi áfram að leiða umræðu um örugga notkun nets og annarra miðla til næstu tveggja ára. SAFT skrifaði á árinu undir samning við Lýðheilsustöð og Capacent Gallup sem eru samstarfsaðilar að nýju verkefni.

Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla vinnur ötullega að framgangi menntunar og uppeldis. Verkefnin verða sífellt fleiri, þeim fjölgar jafnt og þétt sem leita eftir ráðgjöf hjá samtökunum; foreldrum, skólafólki, fjölmiðlafólki og ráðuneytum. Útgáfan er lifandi og upplýsingaveitan til foreldra er stöðug og margþætt.

Vert er að nefna það að á hverju ári uppfæra starfsmenn samtakanna netfangalista foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Það er eilífðarverkefni þar sem listarnir taka miklum breytingum frá ári til árs. Sá þáttur er afar mikilvægur fyrir samtökin og er reyndar lífæð þeirra ef svo má að orði komast. Við munum hér eftir sem hingað til leggja mikinn metnað í það verkefni enda liður í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið að koma ábendingum og upplýsingum til foreldra.

Þetta starfsárið tók ný menntastefna hug okkar allan sem störfum hjá Heimili og skóla. Við tókum virkan þátt í að miðla nýju menntastefnunni með fundahöldum, fyrirlestrum, greinaskrifum og samningu nýrra handbóka á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigi sem munu líta dagsins ljós í ágúst 2009.

Það hefur verið einkar ánægjulegt að taka þátt í að móta nýja menntastefnu en í nýjum menntalögum eru velferð og þarfir nemenda hafðar að leiðarljósi og áhersla lögð á að samstarf heimila og skóla hafi það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda og því munum við að sjálfsögðu halda áfram hér eftir sem hingað til.

Í frímínútum



Lög Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög og foreldraráð geta einnig orðið fullgildir félagar. Samtökin eiga samvinnu við og geta verið í málsvari fyrir þau svæðasamtök, foreldrafélög og foreldraráð sem eiga aðild að samtökunum.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórn málaflökkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísi. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

5. gr. Stjórn samtakanna skipa ellefu menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, sex stjórnarmenn annað hvert ár og fimm hitt árið. Fjórir stjórnarmenn skulu að jafnaði vera af höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Fulltrúaráði samtakanna er heimilt að tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

Stjórnin stýrir samtökunum í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári og oftár ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6. gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7. gr. Stjórn kýs úr sínum hópi á fyrsta stjórnarfundum þrjú menn af fjórum í framkvæmdanefnd. Formaður stjórnar er sjálfkrafa formaður framkvæmdanefndar. Nefndin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Sérhver nefndarmaður getur skotið ákvörðun nefndarinnar til fullskipaðrar stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdanefndar og ritar fundargerð. Framkvæmdanefnd starfar á milli stjórnarfunda í umboði stjórnar. Stjórn setur framkvæmdanefnd nánari starfsreglur. Um annað en að framan er kveðið á um og varðar störf og starfshætti stjórnar og framkvæmdanefndar setur stjórn reglur eftir því sem þurfa þykir.

8. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði árlega. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélag víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.

Fjármál

9 gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar. Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2005.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 25. apríl 2008, sem samþykkir lög þessi, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir sex nýir fulltrúar til tveggja ára og tveir til eins árs. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrír fulltrúar áður kjörnir.





Björg